

# Fundargerð 775. fundar

## Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2010, föstudaginn 25. júní kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Halldór Halldórsson, Hanna Birna Kristjánsdóttir, Dagur B. Eggertsson, Guðríður Arnardóttir, Elín R. Líndal, Sigrún Björk Jakobsdóttir, Smári Geirsson, Aldís Hafsteinsdóttir og Þorvaldur Guðmundsson.

Gunnar Einarsson boðaði forföll og varamaður hans hafði ekki tök á að sitja fundinn. Þorleifur Gunnlaugsson boðaði einnig forföll.

Auk þess sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnarnir Anna Guðrún Björnsdóttir, Guðjón Bragason, Gunnlaugur A. Júlíusson, Inga Rún Ólafsdóttir og Magnús Karel Hannesson sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Fundargerð 774. fundar - 1001001SA

Lögð fram fundargerð 774. fundar stjórnar sambandsins frá 7. maí 2010.

*Fundargerðin staðfest og undirrituð.*

### 2. Verkaskipti ríkis og sveitarfélaga á sviði velferðarmála - 0703106SA

Lagðar fram fundargerðir verkefnisstjórnar um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga á sviði velferðarmála frá 43. fundi, dags. 7. maí 2010, 44. fundi, dags. 21. maí 2010, og 45. fundi, dags. 4. júní 2010. Lagt fram bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga til fjármálaráðherra, dags. 7. júní 2010, með beiðni um fund um fjármálaleg samskipti ríkis og sveitarfélaga. Lagðar fram ályktanir Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra, frá þingi Sjálfsbjargar um yfirfærslu á þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga. Einnig lögð fram ályktun aðalstjórnar Öryrkjabandalags Íslands frá 22. júní 2010, þar sem m.a. kemur fram að ÖBÍ vænti góðrar samvinnu við sveitarfélögin við eflingu þjónustu við fatlaða og treysti því að sveitarfélögin nýti sér þá þekkingu á aðstæðum og þörfum fatlaðra sem bandalagið býr yfir og hafi náð samráð við samtök fatlaðra um þróun þeirra víðtæku þjónustuverkefna sem sveitarfélögin munu bera ábyrgð á gagnvart fötluðum.

*Formaður gerði grein fyrir fundi hans og framkvæmdastjóra með fjármálaráðherra, félags- og tryggingamálaráðherra og samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um fjárhagshluta yfirfærslu á þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga. Enn er unnið að nánari útfærslu á þessum þætti yfirfærslunnar en stefnt er að því að ljúka þeirri vinnu á næstu dögum og undirrita samkomulag milli aðila þar að lútandi.*

*Stjórnarmenn lýstu ánægju sinni með framgang málsins og það skref sem nú væri að nást í þessu viðamikla verkefni.*

### 3. Nefnd um endurskoðun LN - 0904144SA

Lagðar fram tillögur og greinargerð nefndar um endurskoðun á starfsemi Launanefndar sveitarfélaga, sem stjórn sambandsins skipaði á fundi sínum 29. apríl 2009.

Nefndin leggur til að Launanefnd sveitarfélaga verði lögð niður og að umboð LN til kjarasamningagerðar færist til stjórnar sambandsins. Í tillögum nefndarinnar er gert ráð fyrir því að kjarasvið sambandsins hafi yfirumsjón með kjarasamningagerð og framkvæmd kjarasamninga gagnvart viðsejendum sveitarfélaganna og að stjórnin skipi fimm manna kjaramálanefnd til ráðgjafar, sem skipuð verði sérfræðingum sveitarfélaga í kjara- og starfsmannamálum. Stjórn sambandsins setji markmið og móti stefnu sambandsins í kjaramálum og að sviðsstjóri kjarasviðs og framkvæmdastjóri sambandsins beri ábyrgð á að markmiðum og stefnu sambandsins í kjarasamningagerð sé fylgt.

*Stjórnin þakkar nefnd, sem falið var að kanna kosti þess og galla að færa verkefni Launanefndar sveitarfélaga til stjórnar sambandsins, fyrir vinnu hennar og samþykkir að leggja niðurstöður og tillögur nefndarinnar til umfjöllunar og afgreiðslu á XXIV. landsþingi sambandsins í haust. Jafnframt var framkvæmdastjóra falið að leggja fram á næsta stjórnarfundum drög að tillögum um breytingar á lögum sambandsins sem taki mið af niðurstöðum nefndarinnar. Jafnframt er framkvæmdastjóra falið að gera viðbætur og breytingar við tillögurnar sem feli í sér að framkvæmdastjóra og/eða kjarasviði sambandsins verði heimilt að staðfesta kjarasamninga endanlega séu þeir í samræmi við kjarasamningsmarkmið sem stjórnin hefur samþykkt og innan þeirra kostnaðarmarka sem sett hafa verið.*

### 4. Kosning kjörnefndar fyrir landsþing 2010 - 0709262SA

Samkvæmt 8. gr. laga sambandsins skal stjórn þess að afloknum sveitarstjórnarkosningum kjósa 6 manna kjörnefnd til að gera tillögur til landsþings um kjör stjórnar, stjórnarformanns og skoðunarmanna til fjögurra ára. Kjörnefndarmenn skulu koma af 5 kjörsvæðum, þ.e. tveir úr Reykjavík og einn úr hverju hinna kjörsvæðanna, Suðvesturkjördæmi, Norðvesturkjördæmi, Norðausturkjördæmi og Suðurkjördæmi.

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra rekstrar- og útgáfusviðs, dags. 22. júní 2010, með hugleiðingum um skipan kjörnefndar.

Jafnframt lögð fram Samantekt að loknum sveitarstjórnarkosningum, dags. 21. júní 2010.

*Í kjörnefnd voru kosin eftir kjörsvæðum:*

*Reykjavík: Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir og Óttar Proppé og til vara Kjartan Magnússon og Einar Örn Benediktsson.*

*Suðvesturkjördæmi: Erling Ágeirsson Garðabæ og til vara Rósa Guðbjartsdóttir Hafnarfjarðarkaupstað.*

*Norðvesturkjördæmi: Bjarni Jónsson Sví. Skagafirði og til vara Ingibjörg Daníelsdóttir Borgarbyggð.*

*Norðausturkjördæmi: Gunnlaugur Stefánsson Norðurþingi og til vara Eyrún Arnardóttir Fljótsdalshéraði.*

*Suðurkjördæmi: Ragnheiður Hergeirsdóttir Sví. Árborg og til vara Ólafur Þór Ólafsson Sandgerðisbæ.*

Dagur B. Eggertsson vék af fundi kl. 13:05.

#### 5. Starfshópur um breytingar á skattkerfinu - 1004016SA

Lagt fram bréf fjármálaráðuneytisins, dags. 11. júní 2010, þar sem svarað er bréfi sambandsins frá 20. apríl 2010. Í bréfi sambandsins er gerð athugasemd við skipan starfshóps til að móta og setja fram heildstæðar tillögur um breytingar og umbætur á skattkerfinu. Í bréfi ráðuneytisins kemur fram að fjármálaráðherra telur ekki vera tilefni til þess að gera breytingar á skipan starfshópsins með því að sambandið fái þar fulltrúa. Aftur á móti mun ráðherrann beina því til starfshópsins að efna til sérstaks samstarfs við sambandið um öll þau mál sem snúa að tekjuöflun sveitarfélaga sérstaklega og að samræmis verði gætt að því er varðar störf tekjustofnanefndar. Jafnframt lagt fram bréf fjármálaráðuneytisins, dags. 17. maí 2010, þar sem greint er frá samráðnefnd um breytingar og umbætur á skattkerfinu og óskað eftir því að sambandið tilnefni fulltrúa sinn í samráðnefndina sem á að verða vettvangur upplýsingamiðlunar og skoðanaskipta fyrir starfshóp um breytingar á skattkerfinu.

Hanna Birna Kristjánsdóttir kom til fundarins kl. 13:25.

*Stjórnin samþykkti að tilnefna ekki í samráðsnefnd samkvæmt bréfi fjármálaráðuneytisins frá 17. maí sl. heldur leggja áherslu á það sérstaka samráð eða samstarf sem tilgreint er í bréfi ráðuneytisins frá 11. júní 2010. Formaður og framkvæmdastjóri falið að annast það samráð fyrir hönd sambandsins og kalla sér til aðstoðar sérfræðinga og fulltrúa sveitarfélaga eftir atvikum hverju sinni.*

#### 6. Aðgerðaráætlun í efnahags-, atvinnu- og félagsmálum - 1005031SA

Lagt fram bréf ASÍ, dags. 18. maí 2010, um viðtækt samstarf um aðgerðaráætlun í efnahags-, atvinnu-, og félagsmálum. Í bréfinu kemur fram að ASÍ telur að ef aðilum vinnumarkaðarins og fulltrúum bæði ríkisstjórnarflokkanna og stjórnarandstöðunnar tekst að mynda breiða samstöðu um framkvæmd slíkrar aðgerðaráætlunar er líklegra að hún hafi tilætluð áhrif.

*Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga áréttar vilja sambandsins til að vera þátttakandi í samráði ríkis og sveitarfélaga við aðila vinnumarkaðarins með það að markmiði að styrkja stöðir efnahagslífsins og vinna að vexti þjóðartekna og aukinnar hagsældar hér á landi.*

#### 7. Lenging bótatímabils atvinnuleysisbóta - 0911050SA

Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra, dags. 18. júní 2010, þar sem gerð er grein fyrir þeirri ósk framkvæmdastjóra til félags- og tryggingamálaráðherra að bótaréttur í Atvinnuleysistryggingasjóði verði lengdur úr þremur árum í fimm.

*Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga hvetur félags- og tryggingamálaráðherra til þess að beita sér fyrir því að bótaréttur atvinnulausra í Atvinnuleysistryggingasjóði verði lengdur úr þremur árum í fimm. Verði ekkert að gert er ljóst að útgjöld sveitarfélaganna vegna fjárhagsaðstoðar munu stóraukast og staða viðkomandi einstaklinga mun versna þar sem fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna er lægri en atvinnuleysisbætur.*

## 8. Upplýsingatæknihópur - 0502101SA

Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra, dags. 18. júní 2010, um upplýsingatæknihóp sambandsins, ásamt handbók og kynningarefni frá CEMR um upplýsingatæknimál.

Í minnisblaðinu kemur fram að upplýsingatæknimál hafa lengi verið á dagskrá sambandsins í samræmi við ályktanir landsþinga undanfarin ár. Það er talin ótvíræð þörf fyrir meira samstarf sveitarfélaga í upplýsingatæknimálum og þau hafa kallað eftir leiðsögn sambandsins í þeim efnum. Í samræmi við þetta var settur á laggirnar óformlegur upplýsingatæknihópur með sérfræðingum nokkurra sveitarfélaga í upplýsingatækni til þess að gera tillögur til stjórnar um framtíðarsýn fyrir íslensk sveitarfélög í upplýsingatæknimálum, að hvaða leyti sé æskilegt að ríki og sveitarfélög hafi samstarf í upplýsingatæknimálum og hvernig sé hægt að standa að því o.fl. atriði. Þessi óformlegi vinnuhópur hefur fundað nokkrum sinnum en telur nauðsynlegt að upplýsingatæknihópur fái formlega stöðu og ekki sé réttlætanlegt að leggja í vinnu við mótun stefnu og framtíðarsýnar fyrir sveitarfélögin nema það liggja fyrir að það sé vilji stjórnar að sambandið vinni að upplýsingatæknimálum á föstum grunni.

*Stjórnin telur ekki rétt á þessu stigi að setja á fót fastanefnd hjá sambandinu til þess að sinna ráðgjöf fyrir stjórn og starfsmenn sambandsins í upplýsingatæknimálum. Stjórnin felur framkvæmdastjóra og sviðsstjóra þróunar- og alþjóðasviðs að leita eftir auknu samstarfi við ríkisvaldið um samræmda stefnu hins opinbera í upplýsingatæknimálum jafnframt því að óska eftir því að hinn óformlegi upplýsingatæknihópur vinni áfram á grundvelli upphaflegra hugmynda, m.a. með því að semja drög að stefnumótun sambandsins í málaflokknum þar sem tekið er mið af stefnu ríkisins á þessu sviði og haft að leiðarljósi að tryggja eins og kostur er samræmda stefnu hins opinbera í upplýsingatæknimálum.*

## 9. Landsþing 2010 - 0709262SA

Lögð fram drög að dagskrá XXIV. landsþings sambandsins sem haldið verður á Akureyri um mánaðamótin september/október 2010 ásamt minnisblaði sviðsstjóra rekstrar- og útgáfusviðs, dags. 21. júní 2010, um undirbúning og framkvæmd landsþingsins.

*Stjórnin telur ekki rétt að stytta starfstíma landsþingsins, eins og lagt er til í framlögðum drögum að dagskrá, og samþykkir að landsþingið hefjist kl. 16 miðvikudaginn 29. september og standi til hádegis föstudaginn 1. október. Er framkvæmdastjóra og sviðsstjórum sambandsins falið að útfæra dagskrárdrögin út frá þessum tímasetningum og taka mið af þeim umræðum sem fram fóru á fundinum. Jafnframt var samþykkt að innheimt verði hjá sveitarfélögunum svokallað skráningargjald af hverjum landsþingsfulltrúa, til þess að standa undir hluta af kostnaði við landsþingið. Skráningargjaldið standi a.m.k. undir útlögðum fæðiskostnaði sambandsins fyrir þingfulltrúa.*

## 10. Endurmat fasteignamats 2011 - 1006019SA

Lögð fram sem trúnaðarmál gögn frá Fasteignaskrá Íslands um endurmat fasteignamats fyrir árið 2011. Í gögnunum kemur fram að heildarmat fasteigna á landinu öllu lækkar um 8,6% og verður rúmlega 4.000 milljarðar króna, en mat íbúðarhúsnæðis á landinu öllu lækkar um 10% og verður rúmlega 2.600

milljarðar króna. Heildarfasteignamat á höfuðborgarsvæðinu lækkar um 10,4%, á Suðurnesjum um 7,4%, á Vesturlandi um 6,4%, á Vestfjörðum um 1,2%, á Norðurlandi vestra um 0,7%, á Norðurlandi eystra um 4,4%, á Austurlandi um 0,8% og á Suðurlandi um 3,4%. Fram kom að sambandið mun taka þátt í fréttamannafundi með Fasteignaskrá Íslands þriðjudaginn 29. júní þar sem matið verður kynnt opinberlega.

#### **11. Orkustefna fyrir Ísland - 1006002SA**

Lögð fram drög að umsögn sambandsins um drög að orkustefnu fyrir Ísland, sem stýrihópur um mótun heildstæðrar orkustefnu hefur óskað eftir að sambandið veiti umsögn um með bréfi dags. 25. maí 2010.

*Stjórn sambandsins samþykkir framlögð drög að umsögn og felur framkvæmdastjóra að senda umsögnina til stýrihóps um mótun heildstæðrar orkustefnu.*

#### **12. Fundargerð skólamálanefndar sambandsins - 0504189SA**

Lögð fram fundargerð 54. fundar skólamálanefndar sambandsins frá 8. júní 2010. Sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs gerði grein fyrir fundi um tónlistarfræðslu sem haldinn var 14. júní sl.

#### **13. Samstarfsverkefni um fræðslufyrirlestra á landsvísu um einelti - 1005019SA**

Lagt fram bréf Heimilis og skóla, dags. 18. apríl 2010, þar sem óskað er eftir samstarfi við sambandið um fræðslufyrirlestraherferð á landsvísu um einelti þar sem framlag sambandsins verður að útvega fundarstjóra og hafa milligöngu um fundarhúsnæði.

*Stjórnin tók jákvætt í erindið og fól skólamálafulltrúa sambandsins að vera tengiliður við verkefnið.*

#### **14. Hús fyrir starfsemi stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur - 1006018SA**

Lagt fram til kynningar minnisblað Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum þar sem gerð er grein fyrir áformum um byggingu húss á háskólasvæðinu yfir starfsemi stofnunarinnar. Einnig lögð fram verkefnislýsing fyrir Alþjóðlegu tungumálamiðstöðina og ársskýrsla stofnunarinnar fyrir árin 2008 og 2009.

#### **15. Beiðni um lausn frá setu í félagsþjónustunefnd - 0911050SA**

Lagt fram til kynningar bréf Ragnheiðar Thorlacius, framkvæmdastjóra Fjölskyldumiðstöðvar Árborgar, dags. 9. maí 2010, þar sem að hún biður um lausn frá störfum í félagsþjónustunefnd sambandsins, þar sem hún hefur látið af störfum á sveitarstjórnarstigi.

#### **16. Ólokin þingmál í júní 2010 - 0911001SA**

Lagt fram til kynningar minnisblað sviðsstjóra lögfræði- og velferðarsviðs, dags. 23. júní 2010, til framkvæmdastjóra sambandsins um ólokin þingmál sem helst skipta sveitarfélögin máli.

#### **17. Atvinnulausir námsmenn - fjárhagsaðstoð - 1002029SA**

Lögð fram til kynningar fundargerð frá fundi mannauðsstjóra nokkurra sveitarfélaga með forstjóra Vinnuálastofnunar og framkvæmdastjóra sambandsins sem haldinn var 10. júní 2010.

**18. Tilnefning í starfshóp um uppbyggingu á landsumgjörð fyrir samvirkni í rafrænni þjónustu á Íslandi - 1005018SA**

Lagt fram til kynningar bréf fjármálaráðuneytisins, dags. 10. maí 2010, þar sem óskað er eftir tilnefningu sambandsins á tveimur fulltrúum í starfshóp um uppbyggingu á landsumgjörð fyrir samvirkni í rafrænni þjónustu á Íslandi. Einnig lagt fram bréf sambandsins þar sem tilnefnd eru í starfshópinn Vala Dröfn Hauksdóttir, deildarstjóri tölvudeildar Garðabæjar, og Hjörtur Grétarsson, yfirmaður upplýsingatæknimála hjá Reykjavíkurborg.

**19. Tilnefning fulltrúa í stjórn fornleifasjóðs - 1005012SA**

Lagt fram til kynningar bréf mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 6. maí 2010, þar sem óskað er eftir tilnefningu sambandsins á fulltrúa í stjórn fornleifasjóðs. Einnig lagt fram bréf sambandsins þar sem tilnefndur er í stjórnina Magnús Karel Hannesson, sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs sambandsins.

**20. Tilnefning í stjórn Vinnumálastofnunar - 1006009SA**

Lagt fram til kynningar bréf félags- og tryggingamálaráðuneytisins, dags. 1. júní 2010, þar sem óskað er eftir tilnefningu sambandsins á einum fulltrúa í stjórn Vinnumálastofnunar og annars til vara. Einnig lagt fram bréf sambandsins, dags. 9. júní 2010, þar sem tilnefnd er Inga Rún Ólafsdóttir, sviðsstjóri kjarasviðs sambandsins, og til vara Karl Björnsson, framkvæmdastjóri sambandsins.

**21. Tilnefning í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs - 1006008SA**

Lagt fram til kynningar bréf félags- og tryggingamálaráðuneytisins, dags. 1. júní 2010, þar sem óskað er eftir tilnefningu sambandsins á einum fulltrúa sambandsins í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs og annars til vara. Einnig lagt fram bréf sambandsins, dags. 9. júní 2010, þar sem tilnefndur er Karl Björnsson, framkvæmdastjóri sambandsins, og til vara Inga Rún Ólafsdóttir, sviðsstjóri kjarasviðs sambandsins.

**22. Tilnefning í ráðgjafarnefnd Varasjóðs húsnæðismála - 1005016SA**

Lagt fram til kynningar bréf félags- og tryggingamálaráðuneytisins, dags. 10. maí 2010, þar sem óskað er tilnefningar sambandsins á þremur fulltrúum í ráðgjafarnefnd Varasjóðs húsnæðismála og þremur til vara. Einnig lagt fram bréf sambandsins, dags. 9. júní 2010, þar sem tilnefnd eru Anna Guðrún Edvardsdóttir, bæjarfulltrúi í Bolungarvíkurkaupstað, Jóhanna Helgadóttir, sveitarstjórnarfulltrúi í Langanesbyggð, og Skúli Þórðarson, sveitarstjóri í Húnaþingi vestra. Til vara voru tilnefnd Halla Margrét Tryggvadóttir, starfsmannastjóri Akureyrarkaupstaðar, Guðný Kristjánsdóttir, bæjarfulltrúi í Reykjanesbæ, og Valdimar O. Hermannsson, bæjarfulltrúi í Fjarðabyggð.

**23. Tilnefning í nefnd vegna nýrrar aðgerðaráætlunar gegn kynbundnu ofbeldi - 1005014SA**

Lagt fram til kynningar bréf félags- og tryggingamálaráðuneytisins, dags. 11. maí 2010, þar sem óskað er tilnefningar sambandsins á einum fulltrúa í nefnd vegna nýrrar aðgerðaráætlunar gegn kynbundnu ofbeldi og annars til vara. Einnig lagt fram bréf sambandsins, dags. 2. júní 2010, þar sem tilnefnd eru samkvæmt 15. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008, þau Gyða

Hjartardóttir, félagsþjónustufulltrúi sambandsins, og Tryggvi Þórhallsson, lögfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins.

**24. Tilnefning í samráðsnefnd um framkvæmd laga og reglugerða um húsaleigubætur - 1005017SA**

Lagt fram til kynningar bréf félags- og tryggingamálaráðuneytisins, dags. 10. maí 2010, þar sem óskað er tilnefningar sambandsins á tveimur fulltrúum í samráðsnefnd um framkvæmd laga og reglugerða um húsaleigubætur og tveimur til vara. Einnig lagt fram bréf sambandsins, dags. 2. júní 2010, þar sem tilnefnd eru Stella Víðisdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, og Karl Björnsson, framkvæmdastjóri sambandsins. Til vara voru tilnefnd Gyða Hjartardóttir, félagsþjónustufulltrúi sambandsins, og Guðjón Bragason, sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins.

**25. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 92/2008 um framhaldsskóla - 1004006SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins um frumvarp til laga um framhaldsskóla, dags. 18. maí 2010. Einnig lagt fram minnisblað frá formanni og framkvæmdastjóra sambandsins, dags. 6. nóvember 2009, til mennta- og menningarmálaráðherra um breytingar á grunnskólalögum, tónlistarfræðslu og íþróttá- og æskulýðsmál.

**26. Frumvarp til lögreglulaga - 1004019SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins, dags. 7. maí 2010, um frumvarp til lögreglulaga.

**27. Frumvarp til laga um ívilnanir vegna nýfjárfestinga á Íslandi - 1005004SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins, dags. 7. maí 2010, um frumvarp til laga um ívilnanir vegna nýfjárfestinga.

**28. Frumvarp til laga um breytingar á hafnalögum - 0911001SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins, dags. 11. maí 2010, um frumvarp til laga um breytingar á hafnalögum.

**29. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 92/2008 um framhaldsskóla - 1004006SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins, dags. 18. maí 2010, um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 92/2008 um framhaldsskóla.

**30. Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum - 1005015SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins, dags. 14. maí 2010, um frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.

**31. Tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun 2009-2012 - 1005021SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins, dags. 18. maí 2010, um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir 2009-2012, 582. mál - þskj. 973.

**32. Frumvarp um breytingar á höfundalögum - 0911001SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins, dags. 31. maí 2010, um frumvarp um breytingar á höfundalögum.

**33. Frumvarp og könnun meðal sveitarfélaga v/innleiðingar INSPIRE tilskipunar um landupplýsingar - 0912028SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins, dags. 1. júní 2010, um frumvarp um grunngerð landupplýsinga.

**34. Frumvarp til nýrra umferðarlaga - 0909021SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins, dags. 9. júní 2010, um frumvarp til nýrra umferðarlaga.

**35. Endurskoðun barnaverndarlaga nr. 80/2002 - 0806521SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins, dags. 10. júní 2010, um frumvarp til barnaverndarlaga.

Næsti fundur er ráðgerður föstudaginn 27. ágúst.

Fundi var slitið kl. 15:05.

---

Halldór Halldórsson

---

Hanna Birna Kristjánsdóttir

---

Dagur B. Eggertsson

---

Guðríður Arnardóttir

---

Elín R. Líndal

---

Sigrún Björk Jakobsdóttir

---

Smári Geirsson

---

Aldís Hafsteinsdóttir

---

Þorvaldur Guðmundsson

---

framkvæmdastjóri

---

ritari